

Ed.

281. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. [*Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar*].

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 1. gr. laga nr. 47, 30. nóv. 1914, komi ný málsgrein, er verður 2. málsgrein, svo hljóðandi:

Með sama hætti mega þeir menn greiða atkvæði, sem eru ekki ferðafærir sakir elli eða vanheilsu, og komast því ekki á kjörstað, þótt þeir sjeu staddir í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá. Forföll eru sönnuð með læknisvottorði í kaupstöðum, en annarsstaðar með vottorði læknis eða hreppstjóra.

2. gr.

Á eftir 1. málsg. 4. gr. komi ný málsg., er hljóði svo:

Nú skýrir kjósandi frá því, að hann, sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, sje eigi fær um að kjósa á þann hátt, sem fvrirskipað er í lögum þessum, og skal þá sá, er kjósandi nefnir til og nærstaddur er, veita honum aðstoð til að kjósa. Skal þessa getið í fylgibrjefinu, svo og nafns þess, er aðstoðina veitti. Sá, er aðstoðina veitti, er bundinn þagnarskyldu um það, hvernig atkvæði kjósanda hefir fallið.

3. gr.

Á eftir 3. málsg. 4. greinar komi ný málsgrein, er verður 4. málsgrein, svo hljóðandi:

Nú stendur svo á, sem segir í 2. málsgrein 1. gr., og skal þá vottorðið gefið af húsráðanda kjósandans ásamt einum atkvæðisbærum manni.

4. gr.

Á eftir 4. málsgrein 4. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú vill húsráðandi sjálfur greiða atkvæði, er svo stendur á, sem segir í 2. málsgrein 1. greinar, og skal þá vottorðið gefið af húsráðanda í nágrenni við hann ásamt einum atkvæðisbærum manni.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

6. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta 1.—5. greinar þeirra í meginmál laga nr. 47, 30. nóv. 1914, og getur konungur gefið þau lög út með fyrirsögninni: Lög um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.